

**147** 1000 kr. á ári. Úr því skal þó engum veitt meira en 300 kr. um árið. Styrkur, sem einhverra orsaka vegna, ekki er notaður, leggst ávallt við höfuðstólinn og ávaxtast með honum. Eins skal með farið, ef enginn styrkur er veittur, eða tveir þriðju hlutar vaxtanna af höfuðstóli eru eigi veittir til fulls eitthvert árið, vegna þess að engir eða of fáir eða þá ómaklegir umsækjendur gefa sig fram; þá leggst fje það, sem þannig sparast, við höfuðstólinn til ávöxtunar.

4. gr.

Reikning sjóðsins og skýrslu um styrkveitingar úr honum, birtir amtsráðið í árlega í Stjórnartíðindunum.

Amtsráð Vesturamtsins, Reykjavík, 10. júní 1897.

*J. Havsteen.*

**148** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir þúsund ára afmælistjóð 16. sept. Eyjafjarðar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland. Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir

### þúsund ára afmælistjóð Eyjafjarðar.

1. gr.

Sjóður þessi, er nefnast skal þúsund ára afmælistjóður Eyjafjarðar, er stofnaður með 1000 kr. — eitt þúsund króna — gjöf af Skúla Thoroddsen, fyrrum alþingismanni Eyfirðinga, og konu hans, Theódóru Thoroddsen, til minningar um 1000 ára afmæli Eyjafjarðar.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, eða á annan fulltryggjandi hátt, og skulu allir vextir árlega leggjast óskertir við höfuðstólinn til loka ársins 1985, en  $\frac{3}{4}$  — þrír fjórðu hlutir — vaxta þeirra, er á falla frá 1. janúar 1986 til desemberloka 1989, skulu fengnir í hendur nefnd manna, er sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu og bæjarstjórnin á Akureyri kjósa í sameiningu, til þess að sjá um hátíðahald í minningu um 1100 ára afmæli Eyjafjarðar, og skal nefnd þessi verja fjenu, sem hjer segir:

I. Allt að þriðjungi fjárins má verja, til þess að prýða hátíðasvæðið á ýmsa vegu, svo að hátíðahaldið geti orðið þeim, er þangað sækja, sem ánægjusamlegast og Eyfirðingum til sóma, en gæta skal þess þó jafnframt, sem fong eru á, að fjárframlög þau geti orðið svæði því að varanlegri prýði.

II. Hinum hluta fjárins skal varið til verðlauna handa hjerlendum mönnum, sem hjer segir:

1. Fyrir mælskustu og snjöllustu ræðuna, er flutt verður við hátíðahaldið, enda fari ræða sú í frjálslynda og þjóðlega stefnu.

2. Fyrir fegursta og þjóðlegasta kvæðið, er þar verður flutt, og ort **148**  
hefir verið í því skyni. 16. sept.

3. Fyrir fegursta sönglagið, er þar verður sungið, og samið hefir verið vegna hátíðahaldsins.

4. Fyrir íþróttamenn, er sýna þar íþróttir sínar, og skara fram úr við hátíðahaldið, svo sem í söng, hljóðfæraslætti, leikmennt, sundi, glimum, afraunum, og ýmiskonar fimleikum, er æfa og herða líkamann, í kappreiðum, kappsiglingum, kappakstri, loftförum o. fl., er þá verður til þjóðlegra íþróttatalið.

5. Fyrir iðnaðarmenn, og aðra, er bezt gerða iðnaðarmuni, eða handavinnu, hafa að sýna.

6. Fyrir bændur, og aðra, er sýna bezt alin húsdýr, eða alifugla, vandadasta báta eða veiðarfæri, eður bezta meðferð á afurðum búa, til lands eða sjávar.

Upphæð verðlaunanna fer eptir ákvæðum nefndar þeirrar, sem nefnd er hjer að framan, og skal hún auglýsa allt þar að lútandi fyrir fram svo tím-anlega, að Íslendingar hvaðanæva af landinu geti sótt til hátíðahaldsins, keppt um verðlaunin, og heidur þann, sem þeim er samfara.

Það leiðir af sjálfu sjer, að konur mega, engu síður en karlar, verða verðlaunanna aðnjótandi.

### 3. gr.

Á sama hátt eins og segir í 2. gr., skal og fara um ávöxtun og hagnýting sjóðsins frá 1. janúar 1990, þannig, að varið sje, eins og að framan segir,  $\frac{3}{4}$  — þrem fjórðu hlutum — fjöggra ára vaxta, til þess að gera hvert hundrad ára afmæli Eyjafjarðar sem hátíðlegast.

### 4. gr.

Skyldu Eyfirðingar, eptir að sjóður þessi hefir staðið í 100 ár, vilja halda almenn hátíðahöld 25., 10., eða jafnvel 5. hvert ár, til þess að glæða hjá sjer fráslegt, fjörugt og framkvæmdarsamt fjelagslíf, þá má til hvers slíks hátíðahalds verja  $\frac{3}{4}$  — þrem fjórðu hlutum — vaxta sjóðsins næsta árið á undan, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 2. gr.

### 5. gr.

Að öðru leyti, en nefnt hefir verið í 2., 3. og 4. gr., má sjóðinn aldrei skerða.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins er í höndum amtsráðsins í Norðuramtinu, og birtir það árlega reikning sjóðsins á prenti á sama hátt, eins og reikninga annara opinberra sjóða, sem undir þess umsjón eru.

### 7. gr.

Á skipulagskrá þessari skal beiðast konunglegar staðfestingar.

Gjört á Ísafirði 6. dag janúarmánaðar 1897.

*Skúli Thoroddsen. Teódóra Thoroddsen.*